

Ed.

272. Frumvarp til laga

um heimild til þess að taka eignar- og leigunámi nokkur lönd á hverasvæðinu í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhend-
ing yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landa-
merki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu
að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, háðum megin við þjóðveginn
ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Ríkisstjórninni er og jafnframt heimilt að taka leigunámi ábúð jarðarinnar
Vorsabæjar í Ölfushreppi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms og leigunáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir
ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkru flutti ég í sameinuðu þingi tillögu til þingsályktunar um að
heimila ríkisstjórninni að kaupa tiltekin lönd og lóðir í Ölfusi. Var málinu vel
tekið og vísað til nefndar. Mér var þá ljóst, að ef sú tillaga næði samþykki Alþingis,
mundi samkvæmt henni verða hægt að ná kaupum á meiri hluta hins umrædda
lands, en vel mætti svo fara, að ekki næðist samkomulag um ýmsa þýðingarmikla
landbletti utanvert við sjálft hveralandið, sem nú er fullbyggt að kalla má. Sú
hefur og orðið raunin á, að síðan tillaga mín kom fram, hefur sala á löndum og

lóðum farið vaxandi og verðið oft óheyrilega hátt fyrir kaupendur. Samhliða þessu vex eftirspurn úr Reykjavík eftir hús- og garðstæðum í Hveragerði. Er talið, að um 30 menn ráðgeri nú að byggja í Hveragerði í sumar, ef þeir fá til þess aðstöðu og byggingarefni. Er þá byggðin komin út á hraunið, á rándýra bletti, þar sem skortir jarðhita, drykkjarvatn og frárennsli. Sumir munu reyna að bora eftir jarðhita, en það er dýrt að bora fyrir hvert hús, og auk þess óvíst um árangúrinn, þegar dregur fjær hverunum.

Nú þegar er komið allstórt þorp á jarðhitasvæðinu, en það vantar tilfinnanlega skipulag, aðgang að köldu vatni, frárennsli o. s. frv. Eftir því sem byggðin vex, verða þeir annmarkar tilfinnanlegri. Hveragerði getur orðið fyrirmyndar garðaborg, hin fyrsta og ef til vill hin stærsta á Íslandi. En því takmarki verður ekki náð nema með því, að einn sé eigandi að öllu því landi, sem þorpið hefur til afnota. Og enginn einn aðili getur eignast þetta land og gert það byggilegt og um leið látið fyrirtækið svara kostnaði, nema ríkið sjálft. Mun óhætt mega fullyrða, að fólkið, sem nú er búsett í Hveragerði, óskar þess eindregið, að ríkið kaupi þessa landeign, skipuleggi hana og geri hana um leið skynsamlega arðberandi.

Byggðin í Hveragerði er raunverulega nýlenda frá Reykjavík og mun verða það framvegis. Þess vegna er hér í bænnum töluverður áhugi fyrir því, að mál þetta verði leyst nú þegar, á þeim grundvelli, sem hér er lagður.

Margir einstakir menn eiga nú þegar lönd og lóðir á þessu svæði. Þar er eignarhlutur Boga Þórðarsonar, Kaupfélags Árnesinga, Gísla Björnssonar, Jóns Ögmundssonar, svo og sýslulóð Árnessýslu, auk allmargra útskiptra eignarlóða. Allar eru þessar landspildur upphaflega úr landi jarðarinnar Vorsabæjar.

Sumir af þessum landeigendum, svo sem Gísli Björnsson, Kaupfélag Árnesinga o. fl., nota ekki lönd sín til eigin framleiðslu. Aðrir hafa komið upp gördum, gróðurhúsum o. s. frv. Það leiðir af sjálfu sér, að þó að ríkið keypti þetta land, þá mundi það sýna fyllstu nærgætni þeim mönnum, sem nú þegar hafa stofnað til skynsamlegs atvinnurekstrar á hinu umrædda landi. Tilgangurinn er einmitt sá að greiða götu sem allra flestra þeirra, sem hafa efni og ástæður til að njóta hinna ágætu skilyrða, sem eru í Hveragerði til sumardvalar fyrir fólk úr Reykjavík og Hafnarfirði, og til garðyrkju og margháttaðra ræktunarframkvæmda.

Hér er um að ræða úrlausn, sem er nauðsynleg því fólki, sem nú hefur numið land í Hveragerði eða er í þann veginn að reisa þar hús, enn fremur Ölfushreppi, sem á mikið undir því, hversu tekst með þessa miklu nýbyggð í miðri sveit, og loks Reykjavík, sem er aðalheimkynni fjölmargra, sem annars vilja festa byggð að verulegu leyti við hin ágætu skilyrði, sem náttúran býður í hinu forna Vorsabæjarlandi.

Þess skal þakklátlega minnt, að Pálmi Einarsson ráðunautur hefur veitt mikilsverða aðstoð við að gera þetta frumvarp, enda er hann flestum mönnum kunnugri landsháttum og náttúrugæðum á hinu umrædda svæði.